

Ár 2013, 25. febrúar, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið á Selfossi, af Ólafi Björnssyni dómara

Fyrir er tekið:

Mál nr. 12/2012

Skíðaráð Reykjavíkur (SKRR)
gegn
Skíðasambandi Íslands (SKÍ)

Upp er kveðinn svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

I.

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu SKRR með kæru, dags. 25. okt. 2012, en ásamt fylgigögnum móttækin af skrifstofu ÍSÍ þann 25. okt. 2012. Aðilum var gefinn kostur á að tjá sig um kæruatriði. Greinargerð SKÍ barst 10.12.2012 ásamt fylgigögnum.

Dómari ákvað að málflytningur yrði skriflegur. Lögðu bæði kærandi og hið kærða félag fram svargreinargerðir, og barst grg. SKRR ásamt fylgigögnum 19. des. 2012, en grg. SKÍ 4. jan. 2013.

Aðdragandi máls þessa er sá, að þann 22. mars 2012, gaf kærði út tilkynningu um útreikning bikarstiga í Alpagreinum. Fram kom þar að mistök hefðu verið gerð þegar bikarstig voru reiknuð vegna móta vetrarins 2011-2012, og ekki hefði átt að telja með bæði mótin á Ísafirði fyrr um veturinn, í flokki 15-16 ára. SKRR kærði málið til Skíðadómstól Íslands, með kæru dagsettri 22. mars 2012, svohljóðandi: Að ákvörðun kærða, að telja ekki með til bikarstiga, bikarmót í flokki 15-16 ára sem var haldið á Ísafirði 19. febrúar 2012 verði felld úr gildi og lagt fyrir kærða að taka mótið með til útreiknings bikarstiga veturinn 2011-2012.

Eftir að aðilar höfðu lagt fram kröfur, m.a. frávisunarkröfu vegna þess að málið hefði verið kært of seint, sem raunar var hafnað, og aðilar höfðu reifað sjónarmið sín fyrir dómstólnum, kvað Skíðadómstóllinn upp sinn dóm. Dómsorð, sem kveðið var upp 7. maí sl. hljóðaði svo: *Ákvörðun kærða, Skíðasambands Íslands, sem tilkynnt var 22. mars 2012, um að telja ekki bikarstig vegna bikarmóts á Ísafirði 19. febrúar 2012 er ógild. Kærði skal taka tillit til úrslita mótsins við útreikning bikarstiga fyrir veturinn 2011-2012.*

SKÍ, skaut málinu til áfrýjunardómstóls ÍSÍ með áfrýjun 17. júlí s.l. eftir að dómstóllinn heimilaði áfrýjun málsins með ákvörðun 11. júlí. Áfrýjað var ofangreindum dómi skíðadómstóls SKÍ í máli nr. 1/2012, sem uppkveðinn var 7. maí 2012. Málið var svo tekið til úrskurðar af hálfu áfrýjunardómstólsins þann 8. október

2012, að loknum munnlegum málflutningi um frávísunarkröfu varnaraðila. SKÍ gerði í málinu þær dómkröfur að málið fengi efnislega meðhöndlun fyrir dómstólnum og að frávísunarkröfu SKKR yrði hrundið. SKKR gerði þær dómkröfur að málinu verði vísað frá áfrýjunardómstól ÍSÍ, en til vara að hinn áfrýjaði dómur Skíðadómstólsins yrði staðfestur.

Dómur áfrýjunardómstólsins var kveðinn upp 22. okt. sl. Niðurstaðan varð sú, að í grein 33.1 í lögum ÍSÍ, segi að heimilt sé að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Fyrir liggir að dómstóll ÍSÍ hafi ekki fjallað um þetta mál og þegar af þeirri ástæðu sé ekki unnt að áfrýja þeirri úrlausn sem hér liggur fyrir til áfrýjunardómstóls ÍSÍ og beri því að vísa málinu frá áfrýjunardómstól ÍSÍ.

Í framhaldinu, eða 25. okt. sl. kærði kærandi málið til íþróttadómstóls ÍSÍ.

Sættir eru útilokaðar í þessu máli eins og það liggur fyrir.

II.

Málatilbúnaður aðila og málsástæður.

Kröfur kæranda:

Að sú ákvörðun kærða, SKÍ, að telja ekki með til bikarstiga, bikarmót í flokki 15-16 ára haldið á Ísafirði 19. febrúar 2012 verði felld úr gildi og lagt fyrir kærða að taka mótið með til útreiknings bikarstiga veturinn 2011-12.

Málsatvik, málsástæður og lagarök kæranda:

Þann 12. desember 2011 sendi SKI út mótsboð vegna FIS móts sem halda átti á Akureyri 28.-29. desember. Í mótsboðinu er ekki boðað til bikarmóts. Haldin voru tvö svígmót.

Þann 8. febrúar boðaði SKI til FIS/Bikarmóts á Ísafirði helgina 11-12. febrúar 2012. Mótinu var frestað en 15. febrúar boðaði SKI til mótsins á ný helgina 18.-19. febrúar og var mótið haldið þá helgi. Keppt var í svigi báða dagana og veitt verðlaun fyrir Bikarmót báða dagana. Þá voru bikarstig vegna þessara móta birt á heimasíðu SKI og reiknuð inn í heildar bikarstig. Jafnframt voru innheimt og greidd mótagjöld sem um bikarmót væri að ræða, án nokkurs fyrirvara.

22. mars 2012 gaf SKI út tilkynningu (sjá fylgiskjal 4) „um útreikning bikarstiga í alpagreinum“. Í tilkynningunni kemur fram að gerð hafi verið þau mistök þegar bikarstig vegna mótsins á Ísafirði voru reiknuð, að ekki hafi verið gerður fyrirvari um stöðuna í flokki 15-16 ára, þess efnis að einungis fyrra mótið myndi telja til útreiknings bikarstiga. Keppendur á FIS/bikarmóti SKI haldið á Ísafirði 19. febrúar 2012 voru boðaðir á FIS og Bikarmót og töldu sig réttilega vera taka þátt í bikarmóti. Þá skal hafa í huga að FIS mót haldið á Akureyri 28.-29. desember og talið er til bikarstiga var ekki boðað sem Bikarmót og því aðeins í raun búið að boða til og halda tvö bikarmót í svigi á vetrinum þegar málið var kært upphaflega til Skíðadómstólsins 22. mars sl.

Það er mat SKRR að kærði geti ekki boðað til Bikarmóts, haldið það sem slíkt, innheimt mótagjöld fyrir það sem slíkt, birt stig fyrir það sem bikarstig á heimasíðu SKI og felld það svo út. Það er mat SKRR að þessi gjörningur sé í senn ólöglegur,

siðlaus og ekki til þess fallinn að auka áhuga keppanda á íþróttinni.

Kæran snýr aðallega að því að búið er að halda fjögur bikarmót í svigi og SKÍ ákveðið að fella út eitt mót að því er virðist til að uppfylla reglugerð um bikarmót, sem mælir fyrir um að halda skuli þrjú mót, en ekki er þar kveðið á um hámarksfjölda móta. Lýtur ákvæðið einungis að því að halda skuli að minnsta kosti þrjú bikarmót. Þá er einnig kveðið á um að þrjú bestu mótin í svigi og stórsvigi telji til bikarstiga, sem gefur tilefni til að gagnálykta að mótin kunni að vera mun fleirri, þó þannig að einungis þrjú bestu mótin telja til stiga.

Svo sem kemur fram var boðað löglega til umrædds móts og veitt verðlaun fyrir það sem um bikarmót væri að ræða og bikarstig færð inn í heildarstigatöfluna á heimasíðu SKÍ. Ljóst er að mótið teljist til bikarmóta og falli undir reglugerðarákvæði sem um þau gilda og geti þannig komið sem eitt af þeim þremur mótum sem teljast til bikarstiga.

SKRR fer fram á að FIS/Bikarmót haldið á Ísafirði 18-19.febrúar 2012 telji til bikarstiga og að þrjú bestu mót hvers einstaklings af þeim bikarmótum sem haldin hafa verið í vetur verði látin telja til bikarmeistara einstaklinga.

Kæra þessi er nú send Dómstól ÍSÍ, en kæra í málinu var áður send Skíðadómstól SKÍ, þann 22. mars 2012, eða innan kærufrests, en í 14. gr. laga um SKÍ er kveðið á um að tilvist dómstólsins og að kærur skuli beina til hans vegna málefna SKÍ. Kvað skíðadómstóllinn upp dóm sinn þann 7. maí 2012 í málinu nr. 1/2012 þar sem fallist var á kröfu kæranda.

SKÍ áfrýjaði þeirri niðurstöðu til Áfrýjunardómstól ÍSÍ þann 17. júlí sl. skv. leyfi dómstólsins. Með úrskurði áfrýjunardómstólsins í málinu nr. 8/2012; Skíðasamband Íslands gegn Skíðaráði Reykjavíkur var málinu vísað frá áfrýjunardómstólum með þeim rökum að ákvæði í lögum SKÍ um dómstólakerfið uppfyllti ekki ákvæði laga ÍSÍ um tvö dómstig. Af þeim sökum væri ekki hægt að reka mál fyrir Skíðadómstólum, heldur yrðu þau rekin fyrir dómstólum ÍSÍ. Á þeim grunni kærir SKRR nú umrædda ákvörðun SKÍ, til dómstóls ÍSÍ.

Er umrædd kæra lögð fram innan lögmæltis þriggja sólarhringa frests frá því að kæranda var niðurstaða Áfrýjunardómstólsins um frávísun málsins kunn.

Sönnunargögn kæranda:

- a) Mótsboð dags. 12.desember 2011 (fylgiskjal 2).
- b) Mótsboð dags. 8.febrúar (fylgiskjal 3).
- c) Tilkynning um útreikning bikarstiga dags. 22.mars 2012 (fylgiskjal 4)

Dómkröfur, málsástæður og önnur sjónarmið kærða:

Dómkröfur kærða: Kærði krefst þess að ákvörðun kærða varðandi útreikning bikarstiga í flokki 15-16 ára veturinn 2012-2012 verði staðfest.

Málavextir frá sjónarhóli kærða:

Málavextir eins og þeir lúta að kærða eru þeir að þann 8. febrúar 2012 var boðað til FIS- og bikarmóta á Ísafirði dagana 11.-12. febrúar. Fresta þurfti mótunum, sem voru

síðan haldin dagana 18.-19. febrúar og fór þá fram keppni í tveimur svigmótum. Að afloknum mótum voru bikarstig keppenda birt á heimasíðu kærða, líkt og gert er ráð fyrir í 4. grein kaflans um útreikning á bikarstigum í reglugerð Skíðasambands Íslands um bikarkeppni í alpagreinum.

Bikarkeppni í alpagreinum 15 ára og eldri fer fram með þeim hætti að allir keppendur keppa í sömu keppnisbraut. Í raun er þó um þrjár keppnir að ræða þar sem keppt er í flokkum 15-16 ára, 17-19 ára og fullorðinsflokki 15 ára og eldri.

Í 1. grein reglugerðar um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum er fjallað um fjölda bikarmóta í hverjum aldursflokki. Þar kemur fram að halda skuli þrjú bikarmót í svigi og stórsvigi í flokki 15-16 ára, auk meistaramóts. Þá kemur einnig fram í sömu grein að til útreiknings bikarstiga í þeim aldursflokki skuli koma þrjú bestu mót hvers keppanda í svigi og stórsvigi.

Yfirleitt er sá háttur hafður á að hvert bikarmót samanstandi af einni keppni í hvorri grein, þ.e. svigi og stórsvigi. Sá háttur var þó ekki hafður á umrædda helgi á Ísafirði vegna þess að aðstæður þar buðu ekki upp á það. Þess í stað var gripið til þess ráðs að halda tvö svigmót í stað hefðbundinnar keppni í svigi og stórsvigi.

Með bréfi dags. 22. mars 2012 var aðildarfélögum SKÍ tilkynnt um breytingu á útreikningi bikarstiga í alpagreinum. Í bréfunum kom fram að mistök hafi orðið við framsetningu bikarstiga sem birtust á heimasíðu kærða í flokki 15-16 ára í alpagreinum. Kom þar jafnframt fram að mistökin voru fólgin í því að sett voru inn bikarstig fyrir bæði svigmótin sem haldin voru á Ísafirði. Í bréfinu segir orðrætt : „Mistökin liggja í því að þegar bikarstig vegna mótsins á Ísafirði eru reiknuð hefði átt að setja inn fyrirvara um stöðuna í flokki 15-16 ára þar sem einungis fyrra mótið myndi gilda til útreiknings, því ef ekki tækist að halda stórsvigmót í Reykjavík myndi það mót gilda til útreiknings. Þar af leiðandi verður ekki undan því vikist að telja jafn mörg svig- og stórsvigmót í flokki 15-16 ára sem grunn að stigaútreikningi í þeim flokki.“

Málsástæður kærða:

Í fyrsta lagi styður kærði kröfu sína við það að engar athugasemdir hafa verið gerðar við útreikning bikarstiga í öðrum flokkum. Einungis eru gerðar athugasemdir er lúta að flokki 15-16 ára í máli þessu. Viðmið kærða eigi því að gilda um alla aðra skíðakeppendur en þennan tiltekna aldursflokk, og verði slíkt að teljast afar furðulegt!

Í öðru lagi vísar kærði til þess að öll bikarmót vetrarins 2011-2012 hafi verið FIS-mót og að mótsgjald fyrir hvert þessara móta hafi verið kr. 5.000,00 pr. keppanda, og því tvöfalt herra en mótsgjald fyrir bikarmót, sem ekki er FIS-mót. Ekki sé stoð fyrir því að innheimta mótsgjalds geti leitt til ógildingar umdeildrar ákvörðunar.

Í þriðja lagi vísar kærði til þess að kærandi hafi ekki gert athugasemdir við aðra útreikninga kærða eftir að bikarmót hafi verið haldin og útreikningur birtur á heimasíðu kærða. Vísar kærði sérstaklega til bikarmóts sem haldið var á Akureyri í desember 2011, en í málsgögnum komi fram að kærandi telji það mót ekki vera bikarmót.

Í fjórða lagi vísar kærði til þeirrar meginreglu og venju sem hafi verið viðhöfð um

árábil, að jafnmörg svig- og stórsvigmót skuli koma til útreiknings bikarstiga. Regla þessi er til þess fallin að tryggja jafnræði keppenda, sem líkt og öllum er ljóst eru ekki allir jafnvígir á báðar greinar, þ.e. svig og stórsvig. Fallist virðulegur dómur á kröfu kærða í máli þessu þá sé ljóst að þessu jafnræði, sem reglunni er ætlað að vernda, varðandi útreikning milli mismunandi skíðaaðferða, sé þá hrundið og önnur aðferðin fái meiri vigt en hin. Slíkt geti haft í för með sér mikla óánægju meðal keppenda og svo ekki sé minnst á ójafnræði milli þeirra.

Í fimmta lagi vísar áfrýjandi til þess, að ákvörðun sem tekin var, og kynnt aðilarfélögum SKÍ, þann 22. mars. 2012, var til þess fallin að tryggja hlutleysi og sanngjarna niðurstöðu við endanlegan útreikning í flokki 15-16 ára og til samræmis við alla aðra aldursflokka. Jafnmörg svig og stórsvigmót eiga að vera lögð til grundvallar útreiknings á stigum keppenda. Það er í samræmi við meginreglur í útreikningi bikarstiga og ljóst er að verði kára kæranda tekin til greina þá er verið að mismuna keppendum.

Í sjötta lagi vill kærði benda á fordæmisgildi dóms í þessu máli og áhrif hans á útreikning bikarstiga innan vébanda kærða. Ef fallist yrði á kröfur kæranda þurfi að endurútreikna stig allra 15-16 ára keppenda, og breyta eftir atvikum niðurröðun þeirra og verðlaunum. Komist virðulegi dómur að þeirri niðurstöðu að viðurkenna skuli kröfur kæranda má að öllum líkum gera ráð fyrir því að keppendur í öðrum aldursflokkum muni fara fram á endurútreikning bikarstiga vetrarins 2011-2012. Keppendur í öðrum aldursflokkum hafa ekki sett út á ákvörðun kærða varðandi útreikning bikarstiga og hafa talið að nálgun kærða endurspegli meginreglur í útreikningum til bikarstiga. En verði kærða gert að endurútreiknar bikarstig keppenda í aldursflokknum 15-16 ára þá er verið að heimila það að mismunandi reiknireglur gildi eftir aldursflokkum og það er augljóst brot á þeirri jafnræðisreglu sem kærði hefur að leiðarljósi að gilda eigi um keppendur innan vébanda SKÍ.

Framlögð gögn kærða:

1. Greinargerð þessi. 2. Reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum.

III.

Athugasemdir og andmæli aðila við ofangreind sjónarmið.

Athugasemdir kæranda vegna greinargerðar kærða, dags 19.12.2012:

Kærandi er sammála kærða um að bikarkeppni í alpagreinum 15 ára og eldri séu í raun þrjár keppnir þó keppt sé í sömu braut. Kæra þessi lýtur að þeirri keppni sem fram fór í flokki 15-16 ára, og séu aðrar keppnir ekki til umfjöllunar í þessu máli enda alls óviðkomandi málefni því sem hér er borið undir dómstólinn. Þó kærði telji það „afar furðulegt“ að ekki séu gerðar athugasemdir við aðrar keppnir, þá getur það ekki breytt neinu um þær athugasemdir sem fram eru færðar um hið kærða atvik, og getur engan veginn talist efnisleg ástæða sem eigi við í málinu, eða sem geti komið til umfjöllunar á þessum vettvangi.

Kærandi telur athugasemdir kærða um meint brot á jafnræði ekki eiga við rök að styðjast. Keppendur í öðrum aldursflokkum, sem ekki hafi gert athugasemd við hið kærða atvik, eru að keppa í öðrum keppnum. Þetta hefur kærði viðurkennt að mati kæranda. Geta úrslit í öðrum keppnum, og hugsanlega rangur útreikningur í þeim, ekki leitt til þess að keppendur í þeirri keppni, sem hér er kært út af, þurfi að sæta röngum útreikningi. Telji keppendur í öðrum keppnum að kærði hafi brotið á rétti

þeirra, þá er um sjálfstætt mál að ræða alls óskilyt þessu kærumáli. Hafnar kærandi því að framsett kæra geti með einhverju móti talist brjóta á jafnræðisreglu eins og hún hefur verið skilgreind, enda sitja allir keppendur í flokki 15-16 ára við sama borð verði á kröfu kæranda fallist.

Þó kærandi hafi ekki gert athugasemdir við aðra útreikninga kærða vegna annarra bikarmóta, þá skerðir það ekki rétt hans til að bera undir dómstóla ágreining þennan, sem varðar allt önnur málsatvik. Er málsástæða kærða óljós að þessu leyti.

Þá hafnar kærandi því að einhvers konar venja eða meginregla hafi myndast um að jafnmörg svig- og stórsvigsmót komi til útreiknings bikarstiga, og því síður að það leiði til þess að tryggja jafnræði keppanda, því keppendur séu ekki allir jafnvígir á báðar greinar. Þessi málsástæða á ekki við rök að styðjast þegar nánar er að gáð. Kærandi er með máli þessu ekki að raska þeim grundvelli sem sá útreikningur bikarstiga byggir á, þ.e. að þrjú bestu bikarmót telji til bikarstiga sbr. reglugerð um bikarkeppni. Skiptir því engu máli hvort mótin séu þrjú eða þrjátíu í hvorri grein eða bara annari. Er það beinlínis rangt hjá kærða að halda því fram að með ákvörðun sinni hafi hann verið að tryggja hlutleysi og sanngjarna niðurstöðu til samræmis við aðra aldursflokka þar sem keppendum væri ella mismunað. Eru röksemdir sem kærði teflir fram haldlausar og í raun í andstöðu við fullyrðingar hans sjálfs um að keppnir í öðrum aldursflokkum séu í raun aðrar keppnir.

Andmæli kærða SKÍ, við ofangreindum sjónarmiðum kæranda SKKR, dags. 4. jan 2013:

Með hliðsjón af greinargerð Skíðaráðs Reykjavíkur dags. 19. desember 2012 vill kærði ítreka áður gerðar kröfur sínar og sjónarmið og vísar til greinargerðar sinnar dags. 10. desember 2012.

Kærði hafnar alfarið þeim rökum sem kærandi setur fram í greinargerð sinni og vísar kærði til þeirra sjónarmiða sem er að finna í greinargerð hans frá 10. desember sl. Án þess að rekja öll þau sjónarmið sem koma þar fram, vill kærði ítreka að mikilvægt sé að gæta jafnræðis milli keppenda. Ljóst er að verði fallist á kæru kæranda getur skapast mikið ójafnræði milli keppenda og verður að telja að slíkt sé alfarið óásættanlegt.

Kærði vill einnig benda á að það hafi ekki verið ætlunin að láta bæði mótin á Ísafirði gilda til útreiknings enda hlyti slíkt að raska útreikningi bikarstiga eins og hann hefur verið framkvæmdur í áráraðir. Eina ástæða þess að haldin voru tvö svigmót, í stað eins í svigi og eins í stórsvigi, var að aðstæður buðu ekki upp á það. Eðli máls samkvæmt er ekki hægt að láta bæði mótin gilda til útreiknings á bikarstigum því þá er strax farið að mismuna þeim keppendum sem eru ekki jafnvígir í báðum greinum. Kærði hafnar þar af leiðandi alfarið sjónarmiði kæranda um að ekki sé verið að raska þeim grundvelli sem útreikningar bikarstiga byggja á.

Kærði hafnar alfarið fullyrðingu kæranda um að það sé ekki til staðar viss meginregla og venja varðandi útreikning bikarstiga. Ljóst er að útreikningi hefur ávallt verið eins háttað og kæranda er það fulljóst. Það verður því að teljast einkennilegt að kærandi skuli reyna halda öðru fram og það án þess að koma fram með eitthvað máli sínu til stuðnings.

IV.

Niðurstaða dómsins

Samkvæmt 14. gr. laga Skíðasambands Íslands skal kæra eða tilkynning um hana hafa borist Skíðadómstólnum num innan tveggja sólarhringa frá því hið kærða atvik átti sér stað. Að mati dómsins hefur kærufrestur byrjað að líða þegar hin umdeilda ákvörðun kærða, um breytingar á útreikningi bikarstiga, var tilkynnt formlega, en aðildarfélögum var send ofangreind tilkynning með tölvupósti 22. mars sl.

Kæran barst því innan kærufrests til SKÍ samkvæmt 14. gr. laga SKÍ, og tók Skíðadómstóllinn því málið fyrir, og dæmdi í því, svo sem að framan er rakið. Þeim dómi skaut SKÍ til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, sem vísaði málinu frá, þar sem það hafði ekki verið tekið fyrir hjá íþróttadómstól ÍSÍ. Kærandi kærði þá málið að nýju til íþróttadómstólsins með ofangreindri kæru, og gerir hér fyrir dómi sömu kröfur og hann áður hafði gert fyrir Skíðadómstól ÍSÍ.

Að mati dómsins fær málsmeðferð þessi ekki staðist. Ekki er heimild í lögum til þess að hliðsettur dómstóll dæmi um mál að nýju um sömu málsástæður og dæmt hefur verið um áður. Ekki kemur fram í samþykktum SKÍ að hægt sé að skjóta málum er varða skíðakeppnir á vegum sambandins til annars dómsstóls en Skíðadómstóls Íslands. Hinsvegar er sá galli á samþykktum SKÍ, að ekki er mælt fyrir um sérstakan áfrýjunardómstól varðandi skíðaíþróttina.

Ljóst er samkvæmt almennum málsmeðferðarreglum einkamálaréttarfars, að á æðra dómstigi verður einungis gerð sú krafa af hálfu áfrýjanda að hinum áfrýjaða dómi verði hnekkt, a.m.k. hluta. Eðli máls samkvæmt getur varnaraðili þá einungis haft uppi kröfu um sýknu, og þar með staðfestingu hins áfrýjaða dóms, nema máli sé gagnáfrýjað.

Í þessu máli eru engar slíkar kröfur hafðar uppi varðandi dóm Skíðadómstóls Íslands sem þar með stendur óhaggaður, þar til honum hefur verið hnekkt, með löglegum hætti.

Í þessu máli virðist hinsvegar sem kærandi sé að byrja nýtt kærumál á sama grunni og Skíðadómstóll Íslands hefur þegar dæmt um. Slíkt fær ekki staðist þær meginreglur um almennar málsmeðferðar einkamálaréttarfars sem hafa verður til hliðsjónar við úrlausn þessa máls, svo sem að framan er rakið. Í annan stað er ofangreind kæra SKKR til íþróttadómstóls ÍSÍ, ef talin yrði heimil þrátt fyrir kæru til Skíðadómstólsins, alltof seint fram komin, enda kærufrestur löngu liðinn. Verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Dómsorð:

Framkominni kæru SKRR, dags. á hendur hinu kærða sambandi SKÍ, er vísað frá íþróttadómstóli ÍSÍ.

Upplesið í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Þannig fram farið.

Selfossi 25. febrúar 2013

Ólafur Björnsson dómari
(sign.)



Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.